

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð 1 9 3 3.

Þorsteinn Davíðsson.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1933.

S k ó g a r h ö g g:

í Vaglaskógi var höggið á árinu:

Elddiviður til sölu	40	hestburðir
Elddiviður óseldir í skógin.	50	"
Elddiviður skógarvarðar	110	"
Efniv. og staurar til sölu	9	"
Staurar til girðingar	3	"
Selt skógarhöggssleyfi	193	"
Samt.	405	hestburður

Mest hefir verið höggið milli Bæjargils og Brandhúsgrófar, neðan við Eyrarflot, og meðfram efri braut nyrst í skóginum. Enn fremur sunnan við Skökkulág meðfram Langhöfðasneiðingi til heimilisnáta á Vöglum.

í Sigriðarstaðaskógi hefir verið häggið 21 hestb.

G r æ ð i r e i t u r:

Afhent varvúr reitnum:

Birki	2.919	stk.
Reynir	766	-
Lerkí	25	-
Víðistiklingar		3710 stk.
Alls	11880	-

í græðireit var umpl. á vorinu 2300 birkiplöntum.

Sáð var í græðireit 2 kg. af birkifræi og 3 lítr. reyniberjum. Í græðireitnum þarf að géra nokkrar umbætur og flyttja þangað áburð og mold. Nýja skuggaramma þarf að fá fyrir sáotíma í vor. Hvar er bezt að kaupa þá? -Af reyniberjum hefi ég safnað ofurlitlu hér, en mjög þétt mér vænt um ef þér gætuð sent mér ofurlitið í viðbót til sáningar í vor.

Ymislegt:

Safnað var 148 kg. af birkifræi, sem vóg þurkað og hreinsað 110 kg. Fræsprettu var mikil. Fræið er geymt hér.

Vegha klögunar sem kom fram yfir ólöglegu skógarhöggi í Knútsstaðalandi í Aðaldalshrauni, fór ég þamgað austur í janúar. eins og ég hefi áður skrifat yður um.

Að grisjun byrfti að vinna meira í ár heldur en undanfarið, því enn eru stór svæði ógrisjuð sem full þörf er á að grisja.

Með vinsemd og virðingu,

Akureyri 18. Þebr. 1934,

Borsteinn Daviðsson.